

Thomas S. Monson
forseti

Lifa í fullri gnægð

Í upphafi nýs árs hvet ég Síðari daga heilaga hvarvetna til að hefja af kostgæfni mikilvæga og persónulega leit að því sem ég vil nefna gnægtarlíf — lífi sem einkennist af ríkulegum árangri, góðvild og blessunum. Á sama hátt og við lærðum stafrófið í skóla, þá legg ég fram einfaldar reglur okkur öllum til hjálpar við að lifa gnægtarlífi.

Hafa jákvæða afstöðu

A. Fyrsta reglan í mínu stafrófi er afstaða. William James, sálfræðingur, heimspekingur og bandarískur brautryðjandi, ritaði: „Mesta bylting okkar kynslóðar er að hafa uppgötvað, að ef menn breyta innri afstöðu hugans, geti þeir breytt ytri sviðum lífsins.“¹

Svo margt í lífinu er háð eigin afstöðu. Hvernig við kjósum að horfa á hlutina og bregðast við þeim skiptir algjörlega sköpum. Að gera það besta sem við getum og síðan að ákveða að vera hamingjusöm í aðstæðum okkar, hverjar sem þær kunna að vera, leiðir til gleði og friðar.

Charles Swindoll — rithöfundur, fræðimaður og kristinn prestur — sagði: „Afstaða er mér mikilvægari en . . . fortíðin, . . . peningar, aðstæður, mistök, velgengni og hvað aðrir hugsa, segja eða gera. Hún er mikilvægari en útlit, snilli og hæfileikar. Hún rífur niður eða myndar félagsskap, kirkju eða heimili. Það undraverða er að við getum valið hver afstaða okkar verður dag hvern.“²

Við getum ekki stýrt vindinum, en við getum aðlagð

seglin. Gætum þess að *velja* jákvæða afstöðu, til að hámarka hamingju okkar, frið og gleði.

Hafa trú á sjálfum sér

B. Önnur reglan er að hafa trú — á sjálfum sér, þeim sem umhverfis eru og á eilífum reglum.

Verið heiðarleg við ykkur sjálf, aðra og föður ykkar á himnum. Einn þeirra sem ekki var heiðarlegur við Guð fyrr en það reyndist of seint, var Wolsey kardináli, sem, að sögn Shakespeare, helgaði langa ævi sína þjónustu við þrjá drottvara og naut auðæfa og veldis. Að því kom svo að óþreyjufullur konungur svipti hann valdi sínu og eigum. Wolsey kardináli hrópaði:

*Ef ég hefði aðeins þjónað Guði mínum af hálfum þeim ákafa,
sem ég þjónaði konungi mínum,
hefði hann ekki falið mig allslausan á vald óvinum mínum.³*

Thomas Fuller, enskur trúmaður og sagnfræðingur sem var uppi á sautjándu öld, færði sannleika þennan í ritmál: „Sá sem ekki lifir eftir eigin trúarsannfæringu er ekki trúaður.“⁴

Setjið ykkur ekki skorður og látið ekki aðra telja ykkur trú um að ykkur séu settar skorður í afrekum ykkar. Hafið trú á ykkur sjálfum og hagið lífi ykkar þannig að þið fáið nýtt möguleika ykkar.

Þið fáið afrekað því sem þið trúðið að þið fáið afrekað. Treystið og hafið trú.

Takist á við áskoranir af dirfsku

Þriðja reglan er dirfska. Dirfska verður tilvinnandi og þýðingarmikil dyggð einsetji menn sér fremur að lifa siðsamlega, heldur en að vera fúsir til að deyja karlmannlega.

Bandaríski rithöfundurinn og ljóðskáldið Ralph Waldo Emerson sagði: „Hvað sem þið gerið þarfnist þið hugdirfsku. Hvaða stefnu sem þið einsetjið ykkur að taka, þá verður alltaf einhver sem tjáir ykkur að þið séuð á rangri leið. Það eru alltaf erfiðleikar sem kveða dyra og feista ykkar til að trúa að gagnrýndur ykkar hafi rétt fyrir sér. Að útleggja og framkvæma málstað og fylgja honum eftir allt til enda krefst álíka hugdirfsku og hermaður þarf að búa yfir. Friður vinnst með sigrum, en það þarf hugdjarfa karla og konur til að vinna sigrana.“⁵

Þær stundir munu koma er þið verðið slegin ótta og vonleysi. Ykkur kann þá að finnast þið bíða ósigur. Líkurnar á að sigur vinnist kunna að virðast afar litlar. Stundum getur ykkur liðið líkt og Davíð við að reyna að sigra Goliát. En hafið í huga að — Davíð *vann* sigur!

Dirfsku þarf til að hefja keppni að þráðu marki, en það þarf jafnvel enn meiri dirfsku til að standa upp og reyna aftur, ef menn missa fótana í fyrstu tilraun.

Hafið staðfestu til að vinna verkið, einbeittan huga til að ná verðugu markmiði, og ekki aðeins dirfsku til að takast á við óhjákvæmilegar áskoranir, heldur einnig til að gera aðra tilraun, sé það nauðsynlegt. Stundum er hugdirfska hljóða röddin sem í lok dags segir: „Ég mun reyna aftur á morgun.“

Við skulum hafa þessar einföldu reglur í huga við upphaf ferðar okkar á nýju ári, tileinka okkur jákvæða afstöðu, trú til að ná fram markmiðum okkar og úrlausnum og dirfsku til að takast á við þær áskoranir sem á vegi okkar verða. Þá munum við lifa gnægtarlífi.

HEIMILDIR

1. William James, í samant. Lloyds Albert Johnson, *A Toolbox for Humanity: More Than 9000 Years of Thought* (2003), 127.
2. Charles Swindoll, í Daniel H. Johnston, *Lessons for Living* (2001), 29.
3. William Shakespeare, *King Henry the Eighth*, leikþáttur 3, sviðsmynd 2, línur 456–58.
4. Thomas Fuller, í H. L. Mencken, ritst. af, *A New Dictionary of Quotations* (1942), 96.
5. Ralph Waldo Emerson, í Roy B. Zuck, *The Speaker's Quote Book* (2009), 113.

HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

Íhugið að biðja fjölskylduna að miðla persónulegri reynslu þar sem jákvæð afstaða, sjálfstraust og dirfska hafa komið að gagni. Þið getið einnig kosið að biðja hana að finna dæmi um þessar þrjár reglur í ritningunum. Þið getið búið ykkur undir kennslu með því að hugsa í bænaranda um ritningargreinar og eigin reynslu.

ÆSKUFÓLK

Hugdirfska til að standast storminn

Maddison Morley

Aöðru kvöldi mínu í Stúlknefélagsbúðum stikunnar skall á mikill stormur og bylur. Um 24 stúlkur í deildinni minni sóttu búðirnar, ásamt tveimur leiðtogum, og við þurftum allar að leita hússkjóls í einum litlum kofa. Það hellirigndi og það varð stöðugt hvassara. Ég þurfti stöðugt að minna mig á verndarbænina sem stikuforsetinn hafði áður flutt. Við í deildinni okkar báðum bæn í kofanum og ég bað einnig sjálf bæn.

Margar stúlkunnar voru óttaslegnar og ekki af engri ástæðu. Kofinn okkar var ekki sérlega sterkbyggður og var staðsettur skammt frá fljóti einu. Að um 20 mínútum liðnum var hvassviðrið orðið svo mikið að allir í stikunni urðu að hlaupa frá kofum deildanna til kofa ráðgjafanna, sem stóðu hærra. Stikuforsetinn flutti aðra bæn og við sungum sálma, Barnafélagssöngva og útilegusöngva til að reyna að halda ró okkar. Já, við vorum óttaslegin, en skynjuðum jafnfram að allt færi vel. Hálf tíma síðar var orðið öruggt fyrir okkur að fara aftur í kofana okkar.

Síðar komumst við að því hvernig stormurinn hafði hagað sér. Hann hafði klofnað í tvo hluta. Annar þeirra fór hægra megin við hlið okkar og hinn vinstra megin við okkur. Það sem við upplifðum var alls ekki það versta!

Ég veit að Guð bænheyrði okkur þarna um kvöldið og verndaði okkur gegn verstu hviðunum. Hvers vegna ætti fellibylur að klofna í tvennt nema Guð ætlaði honum það? Ég veit að í stormum lífsins getum við alltaf beðið til himnesks föður, sem bænheyrir okkur, verndar okkur og fyllir hugdirfsku, svo við komumst ósködduð frá óförunum.

Moróni hershöfðingi

Moróni hershöfðingi tókst hugdjarfur á við áskoranir. Hann unni sannleika, frelsi og trú. Hann helgaði líf sitt því að hjálpa Nefítum að varðveita frelsi sitt. Þið getið tekist á við áskoranir af hugdirfsku, líkt

og Moróni hershöfðingi. Þið getið jafnvel búið til ykkar eigið ták frelsis með því að skrifa það sem ykkur og fjölskyldu ykkar er mikilvægt.

Hvar meira er að finna

Alma 46:11–27: Ták frelsis

Alma 48:11–13, 16–17: Eiginleikar Morónis